



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 133/695  
komudagur 3.1.2007

Alþingi-Efnahags- og viðskiptanefnd  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari  
Alþingishúsinu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22.12.2006  
Tilv. 02.109  
GSJ

#### **Efni: Frumvarp til laga um iðnaðarmálagjald, 16. mál**

Félagi íslenskra stórkaupmanna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um iðnaðarmálagjald, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Flutningsmaður er Pétur Blöndal, alþingismaður.

Svo sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er tilgangur þess að fella niður lagaskylda iðnfyrirtækja til að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins. Gjaldið er innheimt í gegn um innheimtukerfi ríkisins og gilda um það að því leyti sömu lögmál og gilda um innheimtu ríkisins á opinberum gjöldum almennt.

Gjald þetta á sér langa sögu, en það var fyrst sett á með lögum nr. 48/1975 og áttu þáverandi hagsmunasamtök í iðnaði, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, auk Sambands íslenskra samvinnufélaga frumkvæði að því að þau lög voru sett. Iðnaðarmálagjaldið rann frá upphafi til þessarra aðila þriggja, í hlutfalli við iðnaðarveltu aðildarfyrirtækja þeirra hvers fyrir sig. Frá stofnun Samtaka iðnaðarins hefur gjaldið alfarið runnið til þeirra samtaka og, eins og kemur fram í greinargerð skilaði gjaldið þeim 287 milljónum króna árið 2005. Sambærileg gjaldtaka viðgengst reyndar einnig í því skyni að innheimta félagsgjöld fyrir hagsmunasamtök í landbúnaði og sjávarútvegi, en þar er um talsvert lægri upphæðir að ræða.

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur um langa hríð barist fyrir því að iðnaðarmálagjaldið verið aflagt og því fagnar félagið þessu frumvarpi sérstaklega. Skorar félagið á alþingismenn að sýna af sér þann pólitíska kjark að samþykkja frumvarpið.


Það er í raun sama frá hvaða sjónarhorni iðnaðarmálagjaldið er skoðað, það hefur alltaf á sér brogað yfirbragð. Í besta falli hefur það á sér svipbragð gamalla hugmynda manna um aðkomu hins opinbera að atvinnulífinu og félagskerfi þess. Það felur að mati FÍS í sér ólögmetta skattheimtu, felur í sér brot á stjórnarskrárvörðum réttindum og raskar jafnræði milli atvinnugreina.

Það er afar erfitt að koma auga á rökin fyrir því að löggjafanum finnist ástæða til þess að veita einni atvinnugrein sérstakt lagaskjól til að halda uppi hagsmunagæslu sinni. Annað hvort líta stjórnvöld svo á að iðnaðurinn sé öðrum atvinnugreinum æðri og því beri að hlúa sérstaklega að honum, eða að þau líti á iðnaðinn sem olnbogabarn sem sérstaklega þurfti að styrkja og styðja. Hvor sem ástæðan er, er í öllu falli ljóst að iðnaðarmálagjaldið er sem steinrunnið nátttröll í nútímanum, sem ber að leggja af sem fyrst.

Að mati FÍS má það teljast ótrúlegt að stjórnvöld hafi ekki enn haft í sér kjark til að afnema gjaldið og mun félagið fylgjast mjög vel með því hvaða afgreiðslu frumvarp þetta fær.

FÍS biðst að lokum forláts á því að umsögn þessi berst þetta seint, en samkvæmt upplýsingum frá nefndasviði Alþingis á það ekki að koma að sök, þar sem umsagnartíminn var framlengdur.

Virðingarfyllst,  
f.h. FÍS



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.